

**435. fundur fræðslunefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 27.**  
**janúar 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Kristján Þór Kristjánsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Magnús Einar Magnússon aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir formaður og Finney Raket Árnadóttir aðalmaður.

**Embættismenn:**

Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi og Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Verkefnalisti fræðslunefndar 2020-2022 - 2020090032**

Kynnt staða verkefna á verkefnalistanum.

*Kynnt staða verkefna á verkefnalistanum.*

**2. Starfsáætlanir og ársskýrslur leikskóla skólaárið 2021-2022 - 2021110050**

Lagðar fram starfsáætlanir fyrir skólaárið 2021-2022, fyrir leikskólann Eyrarskjól Ísafirði, leikskólann Sólborg ísafirði, leikskólann Tjarnarbæ Suðureyri og leikskólann Grænnagarð Flateyri.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Skóladagatöl leikskóla skólaárið 2021-2022 - 2021040011**

Lagt fram minnisblað Guðrúnar Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa er varðar breytingar á skóladagatali leikskóla í Ísafjarðarbæ skólaárið 2021-2022. Færa þarf skipulagsdaga til og sameina þar sem Menntamálastofnun í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing og Halldóru Guðlaugu Helgadóttur verkefnastjóra, bauð leikskólum Ísafjarðarbæjar að taka þátt í þróunarverkefninu Snemmbær stuðningur í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Faliðunaráætlun leikskóla Ísafjarðarbæjar - 2022010103**

Lögð fram til kynningar drög að reglum er snúa að viðbragðsáætlun í leikskólum Ísafjarðarbæjar, ef til faliðunar kemur í leikskólum.

*Fræðslunefnd samþykkir nýjar reglur um viðbragðsáætlun í leikskólum Ísafjarðarbæjar.*

**5. Ráðning leikskólastjóra við leikskólann Laufás á Þingeyri - 2022010104**

Kynnt ráðning nýs leikskólastjóra við leikskólann Laufás á Þingeyri.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. Ytra mat á leikskólanum Eyrarskjóli framkvæmt af Menntamálastofn 2022 - 2022010122**

Kynnt bréf frá Menntamálastofnun er varðar ytra mat á leikskólum. Ísafjarðarbær sótti um ytra mat fyrir þrjú leikskóla í Ísafjarðarbæ, Sólborg á Ísafirði, Tjarnarbæ á Suðureyri og Eyrarskjól á Ísafirði. En leikskólarnir Laufás á Þingeyri og Grænigarður á Flateyri voru teknir í ytra mat 2019. Menntamálastofnun hefur ákveðið að fram fari ytra mat á starfsemi leikskólans Eyrarskjóls árið 2022. Markmið ytra mats er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Enn fremur að vera skólum hvati til frekari skólaþróunar, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi og efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.**

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Jónas Þór Birgisson

---

Magnús Einar Magnússon

---

Elísabet Samúelsdóttir

---

Finney Raket Árnadóttir

---

Guðrún Birgisdóttir

---

Hafdís Gunnarsdóttir